

Auglýsing um friðlýsingu við Vestmannsvatn, Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæði við Vestmannsvatn í Suður-Þingeyjarsýslu og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Að sunnan fylgja merkin löngum melhrygg, Vatnsmelum, frá Vatnsendatjörn (við SA-horn vatnsins) að túni á Höskuldsstöðum, en síðan túngirðingu, þá beinni línu frá NA-horni hennar upp á brún neðsta hjallans, síðan hjallabruninni að merkjum Höskuldsstaða og Hólkots, síðan merkjunum að Hólkotskjörnu (SV-enda). Þaðan ræður svo bein lína í SA-horn hólbrekunnar hjá Hólkoti, síðan gildir brekkan að Þjóðvegi og þá vegurinn (að brekkunni) á móts við Gálgahraun, síðan bakkarnir að merkjum Hólkots og Sýrness, síðan Eyvindarlækur að norðurenda Kerlingareyjar, þá kvíslin austan eyjarinnar og síðan kíldrag úr Eyvindarlæk í NV-enda Múlavatns. Þaðan gildir bein lína yfir Múlavatn að bökkum sunnan þess og síðan bakkarnir að Fagranestjörn, þá tjarnarbakkinn að norðan og síðan melbrekkurnar það austur af og lína upp í um 150 m hæð í Múlaheiði og síðan sama hæðarlína að merkjum Fagraness og Halldórsstaða og loks jarðamerkin að Vatnsendatjörn.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

Ekki má breyta landslagi á svæðinu og gildir það einnig um strendur vatna og tjarna, vatnsfarvegi og vatnsborð.

Mannvirkjagerð og hvers konar jarðrask er óheimilt á friðlandinu. Gildir það um allar byggingar, vegi skurði o.s.frv. Heimilt er þó að halda við þeim byggingum sem nú eru á svæðinu og nauðsynlegar teljast. Heimilar eru allar hefðbundnar nytjar af friðlandinu, svo sem heyskapur, beit, veiði í vötnum, berjatínsla, skógarhögg o. fl., svo framalega sem ekki er um að ræða ofnýtingu að dómi umsjónaraðila. Þó getur [Umhverfisstofnun] sett nánari reglur um friðun fyrir beit á takmörkuðum svæðum í samráði við landeigendur.

Öll meðferð skotvopna er stranglega bönnuð í friðlandinu nema til eyðingar meindýra. Bannað er að granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum í samræmi við fuglafriðunarlög. Við bergmyndunum (hrauni, gjallhólum) má ekki hrófla og varast ber alla skerðingu á melhólum og hryggjum.

Öll umferð vélknúinna öku- eða siglingatækja utan vega er því aðeins leyfileg að hún sé í sambandi við eðlilega nýtingu (sbr. 3. gr.) Notkun hraðbáta á vötnunum er bönnuð.

Umsjón með framkvæmd friðlýsingarinnar hefur náttúruverndarnefnd Suður - Þingeyjarsýslu sem getur sett nánari reglur og veitt undanþágur frá ákvæðum 2. - 5. gr., ef brýn ástæða þykir til, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. janúar 1977

Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

Birgir Thorlacius